



## Fundargerð hreppsnefndar 01. febrúar 2018

### Fundur

#### Fundur nr. 74 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 1. febrúar 2018 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson, Sigríður Bragadóttir, Hinrik Ingólfsson, Einar Björn Kristbergsson og Ása Sigurðardóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund, bauð Bjarneyju Guðrúnu sérstaklega velkomna til fundar og síðan var gengið til dagskrár.

#### Dagskrá:

##### 1. Almenn mál:

a) Ögrun í Vopnafirði Bjarney Guðrún Jónsdóttir

Bauð oddviti Bjarneyju Guðrúnu að kynna hugmynd sína. Að lokinni kynningu fór fram umræða um verkefnið þar sem Bjarney svaraði framkomnum fyrirspurnum. Lýstu nefndarmenn yfir ánægju sinni með verkefnið að umfjöllun lokinni.

b) Minnisblað um stöðu Finnaðarverkefnisins í árslok 2017

Oddviti og sveitarstjóri kynntu málið en síðan var bókað:

Fram er lögð skýrsla sem lögmenn sveitarfélaganna Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps tóku saman að ósk sveitarstjóra beggja sveitarfélaga. Skýrslan fjallar um stöðu Finnaðarverkefnisins og gefur glögga mynd af þeirri vinnu sem fram fór á árinu 2017.

Á árinu 2018 er stefnt að því að koma verkefninu áfram í anda þeirrar hugmyndafræði sem í skýrslunni er lýst. Í viðræðum milli aðila er stefnt á að verkefnið verði komið á ákveðið framkvæmdastig þ.e.a.s. að gengið verði frá stofnun þeirra félaga sem að verkefninu munu koma. Þar er um að ræða hafnarsamlag (FFPA), þróunarfélag (FFPD) og félag, ef vilji landeigenda stendur til þess, sem fram kæmi fyrir hönd landeigenda.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjóra er falið að halda áfram þeirri vinnu sem í gangi hefur verið, þ.m.t. að ræða eignarhald og leggja fram tillögur þar um. Auk þess er veitt heimild til að vinna að stofnun FFPA og FFPD. Gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin muni að fullu eiga hafnarfélagið FFPA. Samningar um eignarhald, stofnsamningur um FFPA, og aðra samninga skal leggja fyrir sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga til samþykktar eða synjunar.

Bókunin borin upp og hún samhljóða samþykkt.

## 2. Fundargerðir:

a) 161. fundar Félagsmálanefndar

Lagt fram til kynningar.

b) 400. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

c) Með starfsmönnum íþróttamiðstöðvar dags. 16. janúar 2018

Sveitarstjóri fór yfir málið sem síðan var til umræðu. Samhljóða samþykkt að sveitarstjóra verði falið að fylgja gerð vaktaplans eftir. Öðru leyti lagt fram til kynningar.

d) Nefndar um byggingu Vallarhúss dags. 25. janúar 2018

Lagt fram til kynningar.

## 3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Hestamannafélaginu Glófaxes

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá styrktargreiðslu til Glófaxes samkvæmt fjárhagsáætlun 2018.

b) Áhugamönnum um lagfæringar á Gangnamannakofanum á Arnarvatni

Málið nánar kynnt og rætt en síðan samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá samningi um verkið.

c) Björgunarsveitinni Vopna

Bréf formanns lagt fram þar sem óskað er árlegs framlags til sveitarinnar. Svo sem bréfið ber með sér eru mýmörg verkefni sem Vopnafélagar sinna á ári hverju í sjálfböðavinnu og mikilvægi starfsins seint of metið. Vill sveitarstjórn koma á framfæri þökk til sveitarinnar og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu við fulltrúa úr stjórn. Samhljóða samþykkt.

d) Viðauki við samning um félagsþjónustu og barnavernd

Málefnið tekið til umfjöllunar og fékk oddviti Ásu til að kynna nánar hið sk. „sænska módel“. Að lokinni umræðu var þátttaka í innleiðingu móðelsins samhljóða samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:55.

[Eylgigögn fundar 010218.pdf](#)